

2.júní 2020

Sólheimakot

Ársfundur Vorstehdeildar fundargerð.

Formaður deildarinnar Guðmundur Pétursson setti fundinn og lagði til að Bragi Einarsson tæki að sér fundarstjórn, sem samþykkt var einróma af fundarmönnum.

Fundarstjóri, Bragi Einarsson þakkaði traustið og lagði til að Eydís Gréta Guðbrandsóttir yrði fundarritari, sem samþykkt var einróma af fundarmönnum.

Bragi var búin að kanna lögmæti fundarins og til hans var boðað á réttum tíma.

Skýrsla stjórnar

Fyrsta mál á dagskrá var lestur formanns Guðmundar Péturssonar á skýrslu stjórnar, þar sem farið var yfir störf og viðburði deildarinnar. Skýrsla stjórnar var samþykkt einróma.

Kjartan Antonsson kom með eina leiðréttingu um lén deildarinnar hvernig sú saga hefði verið.

Fjárhagur

Fundarstjóri bað formann deildarinnar að greina frá fjárhagsstöðu deildarinnar. Formaður, Guðmundur Pétursson upplýsti fundarmenn að hrein eign á bankareikningi deildarinnar er . ca 411.000 kr.

Guðmundur fór yfir fjárhag og okkar frábæru styrktar aðila sem styrkja deildina duglega.

Engar spurningar né athugasemdir voru gerðar við fjárhag

Deildarinnar

Kosning til stjórnar.

Næsta mála á dagskrá var að kjósa um 3 laus sæti í stjórn deildarinnar. Eitt sæti til eins árs og 2 til tveggja ára. Dína Sigurfinnsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og bauð Guðmundur Pétursson sig fram í það og fékk lófaklapp fyrir.

Að auki buðu Gunnar Páll Jónsson og Gréta Guðbrandsdóttir sig fram til stjórnarkjörs. Ekki bárust fleiri framboð til stjórnarsetu og voru því Gunnar og Gréta sjálfkjörin.

Heiðrun stigahæstu hunda Vorstehdeildar árið 2019

Strýhærði Vorsteh rakkinn C.I.B. ISCh RW-18 GG SEF sigraði í

Opnum flokki

Keppnis flokki

Over all.

Eigendur voru ekki á staðnum en við óskum Rannveigu og Guðna innilega til hamingju með árangurinn

Í Unghundaflokk sigraði Strýhærða Vorsteh tíkin

Ice Artemis Dáð. Mjög lofandi tík og gaman að sjá unga hunda gera vel.

Við óskum Leifi Einari Einarssyni og fjölskyldu innilega til hamingju

Önnur Mál

Fyrirspurn

Kjartan Antonsson spyr hvað sé að fréttu af þýðingu veiðiprófsreglna

Sigrún svarar að Covid – 19 hafi sett strik í reikninginn þau eru að gera sitt allra besta til að klára þessa vinnu.

Kjartan spyr hvað eigi að gera ef þetta næst ekki fyrir settan tíma og kom með hugmynd um að hafa þá plan B áður en það verður of seint.

Sigrún bjartsýn að klára þetta á réttum tíma.

Tilkynning frá stjórn

Sigrún talar fyrir hönd stjórnar um að það haf komið tillaga inn á borð stjórnar frá ræktunar- og staðlanefnd HRFÍ um auknar ræktunarkröfur á strýhærðan Vorsteh sem er DNA test fyrir vonWillebrand type 2

Stjórn setti sig inn í málið og þessi DNA test eru í ræktunarkröfum á norðurlöndunum og víðar setti stjórn sig því ekki á móti þessari tillögu.

Þessi tillaga ræktunar- og staðlanefndar bíður samþykkis stjórnar.

Stjórn sér um að kynna þetta fyrir meðlimum deildarinnar eins fjótt og kostur er á heimasíðu og Facebook síðu deildarinnar

Fundi slitið kl.21:00

Mættir á fundinn

Bragi Egilsson (fundarstjóri)

Guðmundur Pétursson

Kjartan Antonsson

Gréta Guðbrandsdóttir

Sigrún Guðlaugardóttir

Díana Sigurfinnsdóttir

Óskar Hafsteinn Halldórsson

Gunnar Páll Jónsson

Helena Ríkey Leifsdóttir

Herbjörg

Kristján